



Mánudaginn 14. desember 2015 kom Fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar.
Var fundurinn haldinn á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundurinn hófst klukkan 20:30

Mætt voru: Brynjólfur Friðriksson, Erla Gunnarsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Kristín Rós Sigurðardóttir, Þorsteinn Jóhannsson, Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, Steinunn Hulda Magnúsdóttir, fulltrúi kennara, Þórunn Ragnardóttir, fulltrúi starfsmanna, Ingvar Björnsson fulltrúi foreldra og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Einar Kristján Jónsson ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

- a. Brynjólfur Friðriksson, formaður setti fundinn.

2. Starfsmannamál:

- a. Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri gerði grein fyrir starfsmannamálum í mötuneyti Húnavallaskóla. Skólastjóri er í viðræðum við konur hér innan sveitar til að leysa þau mál til vors. Jafnframt greindi Sigríður frá því að Turid Rós Gunnarsdóttir hafi sótt um launalaust frí frá og með 1. janúar 2016 í 6 mánuði. Ennfremur greindi skólastjóri frá því að starfsmannamál í leikskólanum Vallabóli væru enn óleyst og það myndi leysast á næstu dögum. Mun Fræðslunefnd vera upplýst um málið þegar þessi mál munu leysast.
- b. Fræðslunefnd samþykkir að veita Turid Rós Gunnarsdóttur leyfi frá störfum frá og með 1. janúar 2016 til og með 30. júní 2016.

3. Skóladagatal fyrir Vallaból:

- a. Skólastjóri gerði grein fyrir þeim könnunum sem hún hefur látið fara fram vegna sumarleyfa á leikskólanum.
- b. Fræðslunefnd leggur til að leikskólanum verði lokað frá 27. júní og opni aftur þann 8. ágúst 2016.

4. Skólastarfið framundan:

- a. Skólastjóri gerði grein fyrir því skólastarfi sem framundan er og þeim verkefnum sem skólinn tekur þátt í. Meðal annars verður þema vika verður í vetur með list og dans verkefnum. Árshátíð gekk afar vel.

FR. þá sam í

KRS

SMA
EG
A



5. Erindi frá sveitarstjórn:


- a. Óskað er eftir álitum Fræðslunefndar á því að opnunartími leikskóla yrði frá klukkan 7:30 til 16:30.
 - i. Fræðslunefnd tekur jákvætt í málið og er skólastjóra falið að athuga hvort þetta sé möguleiki frá og með 1. febrúar 2016.

6. Kynningar á fjárhagsáætlun og breytingar gjaldskrá:

- a. Sveitarstjóri kynnti breytingar á gjaldskrá um leikskóla og gjaldskrá um mötuneyti Húnavallaskóla. Jafnframt var farið yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 22:40


Brynjólfur Friðriksson


Erla Gunnarsdóttir


Ingibjörg Jónsdóttir


Kristín Rós Sigurðardóttir


Þorsteinn Jóhannsson


Sigríður Aadnegard


Þórunn Ragnardóttir


Ingvar Björnsson


Einar Kristján Jónsson


Steinunn Hulda Magnúsdóttir